

Fyrir því úrskurðast:
Aðaláfrýjanda veitist frestur í málinu til
3. desbr. næstkomandi.

Mánudaginn 3. desembermánaðar.

Nr. 20/1900: Guðmundur verzlunarstjóri Ólsen
fyrir hönd W. Fischers verzlunar
gegn
Hannesi Thorsteinsson fyrir hönd
Jóns Norðmanns verzlunarstjóra.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af hinum stefnda cand. juris Hannesi Thorsteinsson í umboði verzlunarstjóra Jóns Norðmanns á Oddeyri gegn verzlunarstjóra W. Fischers verzlunar Guðmundi Ólsen til skadabóta fyrir það, að W. Fischers verzlun hafi tekið undir sig heimildarlaust fisk Norðmanns, er verzlunin hafði tekið að sér verkun á fyrir hann, og til greiðslu á uppbót fyrir út teknar vörur við verzlunina, er stefndi taldi sig eiga kröfu til samkvæmt samningi. Var málið dæmt á bæjarþinginu hinn 5. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að átrýjandinn var fyrir hönd W. Fischers verzlunar dæmdur til að greiða stefnda fyrir hönd Jóns Norðmanns sem skadabætur fyrir óheimila ráðstöfun eða töku á fiski hans samtals 2996 kr. 67 a. og 6% vexti af upphæð þessari frá sáttakærudegi til

borgunardags. Aftur á móti var áfrýjandinn sýknaður fyrir kröfu stefnda um afslátt eða upp-bót fyrir úttekt á vörum við verzlun áfrýjandans. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir nú áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. maí þ. á., og hef-ir hann gjört þá *aðalréttarkröfu* fyrir yfirdómin-um, að hinn áfrýjaði dómur verði felður ur gildi og W. Fischersverzlun algjörlega sýknun af kær-um og kröfum stefnda, en *til vara*, að dregnar verði frá dómskuldinni 516 kr. 36 a. + 1651 kr., og hvernig sem málið fer, krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báð-um réttum ettir mati réttarins.

Árið 1898 hafði Jón Norðmann verzlunar- stjóri á Oddeyri 2 skip, er hann átti, »Jón« og »Geysi«, á fiskiveiðum við Suðurland, og samdi Chr. Zimsen kaupmaður fyrir Norðmanns hönd svo við W. Fischers verzlun í Reykjavík, að skip- in skyldu fá út nauðsynjar sínar við verzl- unina gegn 12% afslætti, ef borgað væri í pening- um á gjalddaga, fyrir ágústmánaðarlok, og að verzlunin tæki að sér að verka afla skipanna fyr- ir 3 kr. hvert skippund. Var síðan allur affi »Jóns« og nokkuð af afla »Geysis« lagður upp í Hafnarfirði og verkaður þar við útibú W. Fisch- ers verzlunar, og urðu úr aflanum 127 skpd. af saltfiski nr. 1, 51½ skpd. af smáfiski, 22½ skpd. af ýsu og 6 skpd. af löngu og saltfiski nr. 2. Með bréfi dags. 15. sept. 1898 til forstöðumanns Fischers verzlunar í Hafnarfirði skýrði Norðmann

forstöðumanninum frá því, að hann hefði beðið Dines Petersen í Kaupmannahöfn að selja málsfiskinn þar og Sturlu kaupmann Jónsson að selja fyrir sig smáfiskinn og ýsuna til Genua, og skoraði á forstöðumanninn að afhenda fiskinn samkvæmt þessum ráðstöfunum, en þegar þetta bréf kom suður, seinast í mánuðinum, var búið, í miðjum mánuðinum, að leggja allan fiskinn inn í Fischers verzlun, í samráði við eða með samþykki Chr. Zimsens kaupmanns, eftir því, sem forstöðumenn verzlunarinnar skýrðu Norðmann frá, og var fiskurinn tekinn í verzlunina og verð sett á hann þannig: skpd af saltfiski nr. 1, 41 kr., af smáfiski 35 kr., af ýsu 28 kr., af saltfiski nr 2 32 og af löngu 40 kr. Norðmann áleit þessa innlagning fisksins, sem hafði verið gjörð að honum fornspurðum, heimildarlausa með öllu, og að sér hefði verið með henni bakað verulegt fjártjón, með því að hann bjóst við töluvert betri sölu á fiskinum með þeim ráðstöfunum á honum, er hann hafði gjört, og höfðaði hann því mál þetta gegn Fischers verzlun til að fá sér dæmdar skaðabætur hjá verzluninni fyrir fisktökuna, og lyktaði mál það sem fyr segir.

Tildrögin til þess, að umræddur fiskur var lagður inn í Fischers verzlun, voru, eftir því sem upplýst er í málinu, sérstaklega með framburði Zimsens kaupmanns, sem leiddur hefir verið sem vitni í því, þau er nú skal greina. Síðast í ágúst-mánuði 1898, eða um það leyti sem ráðgjört var í samningnum milli Fischers verzlunar og Zim-

sens, að úttekt skipanna skyldi greidd verzluninni, kom verzlunarstjóri Fischers verzlunar, Guðbr. Finnbogason, sem nú er dáinn, til Zimsens og spurði hann, hvort eigi væri óhætt, að hann tæki fiskinn inn í verzlunina, með því að gjalddagi á úttekt skipanna væri kominn, og engin ráðstöfun gjörð á fiskinum, en hann (verzlunarstjórinn) þurfti þá að segja til þess, til Kaupmannahafnar, hve mikið skiprúm þyrfti að ætla fyrir fisk verzlunarinnar það haust. Svaraði þá Zimsen því, að hann hefði eigi umboð frá Norðmann til að ráðstafa fiskinum, en lét jafnframt í ljósi, að það væri eðlilegt, að Fischers verzlun fengi fiskinn fremur öðrum, ef hún gæfi jafnmikið fyrir hann og aðrir vildu gefa. Varð svo eigi meira úr að sinni. En nokkru síðar, um eða fyrir miðjan septembermánuð, kom Zimsen aftur til verzlunarstjórans. Hafði þá annar maður, Jörgen Hansen kaupmaður, boðið í saltfiskinn nr. 1, það er fullverkað var af honum, 42 kr. að frádrægnum tolli og útskipunarkostnaði, og með því að Zimsen og skipstjóri Norðmanns, Marteinn sál. Teitsson, sem aflað hafði mest af fiskinum og sem Zimsen áleit standa næst til að ráðstafa fiskinum í fjarveru Norðmanns, voru orðnir hræddir um að komið væri í síðustu forvöð með að ráðstafa fiski Norðmanns á heppilegan hátt og óttuðust, þar sem ekkert bréf hafði komið frá Norðmann um fiskinn, að bréf frá honum hefði misfarist, þá höfðu þeir, þar sem boð Hansens var það bezta, er þeir ætluðu að kostur myndi á að fá, eftir verði á fiski þá, afráðið að selja Hansen

fiskinn fyrir hið framboðna verð. Var nú erindi Zimsens til verzlunarstjóra Guðbr. Finnbogasonar það, að fá fiskinn út, til að selja Hansen hann, en Finnbogasen var tregur til að láta af hendi fiskinn með því að hann hafði þegar gjört ráð fyrir skiprúmi handa honum til Kaupmannahafnar, og gaf í skyn, að ef fiskurinn yrði seldur öðrum, myndi verzlunin reikna sér hærri pakkhúsleigu og annað kostnað fyrir það, sem eftir væri af fiskinum. Við þessar undirtektir Finnbogasens kveðst Zimsen hafa atráðið að hætta við að fá fiskinn út, en hann hafi sagt Finnbogasen, að hann yrði að ábyrgjast, að Norðmann fengi eins mikið fyrir fiskinn og hann gæti fengið annarsstaðar. Finnbogasen hefir í bréfi til Norðmanns skýrt nokkuð öðru vísi frá þessum fundi þeirra Zimsens út af tilboði Hansens að kaupa fiskinn. Segir hann þar, að Zimsen hafi gefið sér kost á að kaupa fiskinn fyrir sama verð og Hansen bauð og gefið sér eins dags umhugsunartíma til að kjósa um, hvort hann vildi sleppa fiskinum eða halda honum fyrir það verð, og hafi hann daginn eftir kosið að halda honum, þótt honum þá hefði boðist jafngóður fiskur fyrir nokkuð minna verð; en jafnframt hafi hann þá áskilið sér sanngjarna pakkhúsleigu fyrir fiskinn. Um þennan samfund þeirra Zimsens og Finnbogasens er eigi frekari upplýsingar að fá í málinu, en skömmu eftir þetta viðtal þeirra var fiskur Norðmanns tekinn inn í verzlunina sem önnur innlögð vara.

Það virðist nú mega telja það alveg víst,

þar sem Zimsen hafði marglýst því yfir við Finnbogasen, að hann álitir að Fischers verzlun ætti að ganga fyrir öðrum með kaup á fiskinum fyrir sama verð, að verzluninni, eins og Finnbogasen hefir skýrt frá í bréfi sínu til Norðmanns, hafi staðið til boða fiskur Norðmanns, sá er Hansen bauðst að kaupa, og fyrir sama verð og Hansen bauð, en að það hafi þá að eins staðið fyrir kaupum af hendi verzlunariunnar, að verzluninni þótti verðið of hátt. Í öðru lagi er það sannað, að Zimsen og þeim Marteini skipstjóra var áhugamál að fá fiskinn seldan fyrir þetta verð, sem Hansen bauð, þar sem þeir óttuðust, að það mundi ef til vill verða um seinan til að fá heppilega sölu á fiskinum, ef salan væri dregin lengur. Um þennan sama áhuga á því að fá fisk Norðmanns seldan fyrir það verð, er Hansen bauð, bera og ummæli Zimsens við Finnbogasen í oftumrætt skifti ótvíræðan vott, þar sem Zimsen vildi leggja ábyrgð á Finnbogasen fyrir að Norðmann fengi eins mikið fyrir fiskinn og hann gat fengið annarsstaðar (o: hjá Hansen). Það virðist því verða að telja það eðlilegt mjög, þótt Fischers verzlun hafi skilið svo alla framkomu Zimsens í þessu fisksölu-máli, og sérstaklega hin síðast tilfærðu ummæli hans um, að Finnbogasen yrði að ábyrjast, að eins mikið fengist fyrir fiskinn og Hansen bauð, svo, að hann væri fyrir Norðmanns hönd samþykkur því að verzlunin tæki fiskinn fyrir þetta sama verð, sem boðið var. Og þó að Zimsen lýsti yfir

því, að hann hefði eigi umboð frá Norðmann til að selja fiskinn, þá var hann búinn að sýna það fyllilega, að hann áleit þá nauðsyn vera fyrir hendi, er réttlætti sölu á fiskinum af sinni henni fyrir Norðmann.

Samkvæmt því, sem tekið hefir verið fram, verður að álíta, að Fischers verzlun hafi haft samþykki Zimsens kaupmanns til að taka fisk Norðmanns, þann er Jörgen Hansen hafði boðist til að kaupa, en það var saltfiskurinn nr. 1, inn í verzlunina, og með því að hún samkvæmt afskiptum Zimsens at skipauðgjörð Norðmanns og umboðsmensku hans gagnvart verzluninni, sem hafði samið við hann einan fyrir Norðmanns hönd, hafði fulla ástæðu til að taka ályktanir og samþykki hans gilt í þeim efnun, er útgjörðina og aflann snerti, þá verður eigi álitid, að Fischers verzlun hafi tekið umræddan fisk heimildarlaust, svo að hún verði skyldað til að bæta Norðmann það tjón, er innlagning fisksins í verzlunina kynni að hafa bakað honum, fyrir missi þess ábata, er hagstæðari sala á fiskinum myndi hafa gefið honum.

Um hinar aðrar fisktegundir en saltfiskinn nr. 1 er þar á móti öðru máli að gegna. Hvað þær snertir hefir Fischers verzlun eigi sannað, að hún hafi haft samþykki Zimsens né annars manns fyrir Norðmanns hönd til að leggja þann fisk inn í verzlunina, og það verður eigi álitid, að Fischers verzlun hafi haft rétt til að taka fiskinn allan

til sín fyrir það að eigi var staðið í skilum með borgun á úttekt skipanna, sem greiddast átti í lok ágústmánaðar, og það þó fiskinum væri þá óráðstafað af Norðmann. Venju þá við verzlunarir í Hafnarfirði, sem slíkt ætti á að byggjast, hefir áfrýjandinn eigi sannað nægilega gegn mótmælum stefnda. Hér um ræddan hluta af fiski Norðmanns verður því Fischers verzlun að álítast hafa tekið heimildarlaust til sín, og leiðir af því, að verzlunin eða áfrýjandinn fyrir hennar hönd verður að skyldast til að bæta Norðmann tjón það, er hann hefir bedið við fisktökuna. Þetta tjón hefir stefndi talið 7 kr. 3 a. á skpd af smáfiski, 5 kr. 53 a. á skpd. af ýsu, 5 kr. á skpd. af löngu og málsfiski nr. 2, samtals af þessum hluta fisksins 516 kr. 36 a., og með því að áfrýjandinn hefir eigi með rökum mótmælt þessum reikningi stefnda yfir tjón hans, ber að taka hann til greina.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjandann til að greiða stefnda sem skadabætur fyrir óheimila fisktöku 516 kr. 36 a. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sýkna hann að öðru leyti af kröfum stefnda. Málskostnaður fyrir báðum dómum þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Guðmundur verzlunarstjóri Olsen, fyrir hönd W. Fischers verzlunar, greiði stefnda, Hannesi Thorsteinson, fyrir hönd Jóns Norðmanns verzlunarstjóra, 516 kr. 36

a., með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Mánudaginn 17. desembermán.

Nr. 42/1900:

Sigtús Eymundsson
 gegn
 W. Ó. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Samkvæmt áteiknun stefnuvotta á áfrýjunarstefnuna í máli þessu hefir stefnan verið birt í sölubúð stefnda, sem eigi tjáist hafa fundist heima, fyrir verzlunarmanni nafngreindum, er þar var fyrir. Með því að áteiknunin þannig eigi ber það með sér, að stefnan hafi verið birt á heimili stefnda, en hann hefir eigi mætt eða látið mæta af sinni hálfu fyrir yfirdóminum, brestur sönnun fyrir því, að stefnubirtingin hafi verið lögmæt, sbr. N. L. 1. 4. 2. og tilsk. 3. júní 1796 20. gr. og ber því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.